

1859.

15. sept.

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í vesturumdæminu, um linun í afgjaldi af konungsjörðum á vesturlandi.

Dómsmálastjórnin hefur borið upp fyrir konungi mál það, sem um er rætt í bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 9. dag desemberm. f. á., og hefur hans hátign 9. þ. m. allramildilegast fallt á þær tillögur stjórnarinnar, að leiguliðum á þjóðjörðum í vesturumdæminu á Íslandi enn í 3 ár, er talin sæu frá fardögum 1858, veitist sú hin sama linun í landskuldargjaldi af ábúðarjörðum sínum, sem þeir hafa verið að njótandi nú á seinni árum; en það er á þann hátt, að þeir greiði $\frac{5}{8}$ landskuldarinnar eptir fornu verðlagi, en $\frac{1}{8}$ með peningum eptir meðalverði allra meðalverða í verðlagsskrá á hverju ári; þó skal bjóða umboðsmanni að hækka landskuldina við ábúandaskipti, eptir nákvæmari ákvörðun amtmanns í hvert sinn, þegar slíkt þykir fært eptir ásigkomulagi jarðarinnar og öðrum atvikum.

11. október. **43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sýslumannsins í Skagafjarðar sýslu, um kornlán¹.**

Í bænarskrá, er þér senduð amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, en hann hefur hingað sent, hafið þér, herra kammerráð, farið þess á leit, að Skagafjarðar sýslu verði veitt leigulaust peningalán til þess að kaupa fyrir 300 tunnur af rúgi, 150 tunnur af bankabyggi og 150 tunnur af baunum, til þess að fyrirbyggja hallæri, er menn annars óttast fyrir í sýslu þessari á næsta vetri.

Með því nú skýrslur þær, er hingað bárust, um ástandið í sýslunni og um vörubýrgðir á verzlunarstöðunum, votta um það, að málefni þetta er mjög mikils varðandi, hefur Skaga-

1) s. d. var amtmanninum yfir norður- og austur-umdæminu sent eptirrit af bréfi þessu, og hann beðinn að leggjast á eitt með sýslumanni, til þess að annast um, að kornvörum þeim, er hér ræðir um, yrði varið sem haganlegast.